

til 20. maí 1999 og -2% frá og með 21. maí til 20. júní 1999 gagnvart útreikningi viðurlaga skv. 6. grein. Þá skal lágmark lauss fjár sem tilgreint er í 1. ml. 2. gr. reglna þessara vera -10% frá og með 21. mars til 20. apríl, -7% frá og með 21. apríl til 20. maí, og -4% frá og með 21. maí til 20. júní 1999.

Reykjavík, 24. febrúar 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ingimundur Friðriksson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi á eftirfarandi svæðum í Garðabæ:

1. *Dælustöð við Arnarneslæk.* Hið nýja skipulag felst í því, að gert er ráð fyrir byggingu skolpdælustöðvar við sunnanverðan Arnarneslæk.
2. *Leikskólinn Bæjarból við Krókamýri.* Hið nýja skipulag felst í því, að byggingarreitur leikskólans er stækkaður.
3. *Leikskólinn Lundaból við Hofsstaðabraut.* Hið nýja skipulag felst í því að byggingarreitur leikskólans er stækkaður.

Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingarnar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 23. febrúar 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík, Breiðhöfði 3.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. janúar 1999 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Breiðhöfði 3. Breytingin felst í því að hús og skemma, 180 m² að grunnfleti, verða rifin og 191 m² sýningar- og skrifstofuhús reist á byggingarreit sem færður er til vesturs. Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 7. nóvember 1984.

Reykjavík, 26. febrúar 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.